

194

12. gr.

26. n.óv.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1950, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 199 28. nóvember 1945.

13. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Ef eitthvað er óinnheimt af hinu lögboðna gjaldi, þegar reglugerð þessi tekur gildi, fyrir árin 1945, 1946, 1947 og 1948, skal skipta gjaldinu sem hér segir: Fyrir árið 1945 skal allt gjaldið greitt til Búnaðarfélags Íslands. Fyrir árið 1946 skal gjaldinu skipt þannig, að $\frac{2}{3}$ hlutar fari til Búnaðarbankans vegna búnaðarsambandanna og $\frac{1}{3}$ til Búnaðarfélags Íslands. Fyrir árið 1947 skal allt gjaldið greitt til Búnaðarbankans vegna búnaðarsambandanna. Fyrir árið 1948 skal gjaldinu skipt þannig, að Búnaðarbankinn vegna búnaðarsambandanna fái $\frac{1}{4}$ hluta, en $\frac{3}{4}$ hlutar skiptist að jöfnu milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. nóvember 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

195

5. des.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykktum kaupstaða og kauptúna.

Samkvæmt lögum nr. 19 1905 og lögum nr. 55 1921, hefur ráðuneytið staðfest byggingarsamþykktir fyrir eftirgreinda kaupstaði og kauptún:

8. Byggingarsamþykkt fyrir Akraneskaupstað. Varnarþing á Akranesi. Staðfest 1. febrúar 1949.
9. Byggingarsamþykkt fyrir Neskaupstað. Varnarþing í Neskaupstað. Staðfest 23. marz 1949.
10. Byggingarsamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað. Varnarþing í Siglufirði. Staðfest 5. ágúst 1949.
11. Byggingarsamþykkt fyrir Patreksfjarðarkauptún. Varnarþing á Patreksfirði. Staðfest 30. september 1949.
12. Byggingarsamþykkt fyrir Glerárþorp, Glæsibæjarhreppi. Varnarþing í Glæsibæjarhreppi. Staðfest 7. nóvember 1949.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948, Stj.tíð. B., bls. 167—185.

Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.